

Mál nr. 380/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.****Takmörkun á ábyrgð váttryggingafélags vegna umferðarslyss 12.3.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 27.11.2017.

Bréf V, dags. 15.12.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X um Vífilstaðaveg og gegn biðskyldu inn á Elliðavatnsveg fyrir aðra bifreið. Ekki er að sjá að ágreiningur sé um að öll sök á árekstrinum hvíli á ökumanni bifreiðarinnar X. Ágreiningur er hins vegar um hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar.

M telur ósannað að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur þrátt fyrir að tetrahýdrókannabinól hafi mælst 1,1 ng/ml í blóði hans. M vísar til þess að hann hafi neytt kannabis 2 dögum fyrir tjónsdag og að ekki sé sannað að efnið hafi haft áhrif á ökuhæfni hans auk þess sem fyrirbyggjandi gögn sýni það ekki með fullnægjandi hætti hvort og þá með hvaða hætti það hafði á atvikið. Einnig vísar M til þess að það að mælast með umrætt efni feli ekki sjálfkrafa í sér að bótaréttur falli niður heldur verði að meta atvik heildstætt, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 335/2016. V telur að M hafi verið óhæfur til að aka ökutæki í skilningi 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem ávana- og fikniefni hafi mælst í blóði hans. V telur einnig að horfa þurfi heildstætt á það atvik sem leiddi til líkamstjóns M þar sem hann hafi ekið eftirtektarlaust framhjá biðskyldu inn á gatnamót í veg fyrir aðra bifreið undir áhrifum fikniefna og það feli í sér það stórkostlega gáleysi af hans hálfu að félagið geti takmarkað ábyrgð sína að fullu.

Álit.

Við mat á því hvort váttryggður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi skv. 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 við akstur bifreiðarinnar X verður að líta til atvika málsins heildstætt. Ljóst er að M sýndi gáleysi við akstur bifreiðarinnar í greint sinn með því að aka gegn biðskyldu á aðra bifreið. Þegar það er metið saman við að tetrahýdrókannabinól hafi mældist 1,1 ng/ml í blóði hans M telst M hafa verið undir áhrifum ávana- og fikniefna við aksturinn í skilningi 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga. Telst sú háttsemi stórkostlegt gáleysi. Þegar litið er til þeirra viðmiðana sem koma fram í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga um mat á hversu mikið váttryggingafélag getur takmarkað ábyrgð sína vegna slíkrar háttsemi verður hins vegar að líta til þess að ekki er að öllu leyti ljóst hvort aksturshæfni M var mikið skert og þess að ekkert kemur fram um það í gögnum málsins að hann hafi verið óáttaður á vettvangi eftir áreksturinn verður bótaréttur hans ekki skertur að fullu. Með hliðsjón af aðstæðum öllum getur V takmarkað ábyrgð sína að helmingi bóta.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu helmings bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.